

- 31**  
8. apríl
1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
  2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.
  3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðferingja sinna í ábýlisjörð sinni.
  4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.  
Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**32**  
8. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum hins erlenda varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*